

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

10. desember 2025
UOS2501711/K.K.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. Desember 2025 – ID 484

Þann 1. Desember 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Colas Ísland hf. Benninghoven. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Frávik frá gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.
2. Frávik frá gr 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs lausageyma. Bambar, neyslugeymar og tunnur eru á svæðinu án árekstrar- og lekavarna.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. Janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer
Sérfræðingur

Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Sérfræðingur